

12. desember 2013

1312007

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með skeyti dags. 2. desember leitaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt, með síðari breytingum (húsnæðissparnaður), mál 175 á 143. þingi.

Frumvarpið var áður flutt á 140. þingi 2011-2012 (507. mál) og 141. þingi 2012-2013 (197. mál), en var í hvorugt skiptið tekið til umræðu. Í aðalatriðum snýst frumvarpið um að einstaklingar undir 34 ára aldri geti lagt fé inn á húsnæðissparnaðarreikning og fengið 20% af innleggi dregið frá tekjuskatti innleggsársins, allt að 200 þ.kr. á ári. Greiða má út af reikningnum eftir 2 ár vegna húsnæðisöflunar en annars er hann bundinn í 10 ár.

Ýmislegt er óljóst í frumvarpinu, t.d. hvort leggja eigi afsláttinn inn með innlegginu og hvað verður ef 20% af innleggi eru umfram aðra álagningu eða hver staða reikninganna er gagnvart fjármagnstekjuskatti. Fjármála- og efnahagsráðherra er gert að setja nánari og ítarlega útfærslu í reglugerð. Miðað við aðrar reglugerðarheimildir í skattalögunum virðist þessi nokkuð umfangsmikil.

Það er einnig alvarlegur galli á frumvarpinu að kostnaðarmat vantar. Svo er nær undantekningarlaust um þingmannafrumvörp. Það er hins vegar sérstaklega slæmt þegar kostnaður getur verið umtalsverður eins og er í þessu tilviki. Ef gengið er út frá því að helmingur ungmenna á aldrinum 20-30 ára nýti sér til fulls sparnaðarkosti og skattaafslætti samkvæmt frumvarpinu yrði kostnaður ríkissjóðs líklega nálægt 4½ ma.kr. á ári. Slík þátttaka er ekki fráleit, þar sem sparnaðarkostur af þessu tagi yrði afar hagkvæmur og má áætla að með honum megi tvöfalda raunávöxtun á venjulegum reikningum með 3% raunvexti yfir 10 ára tímabil. Við kostnaðarmat er að auki nauðsynlegt að tekið sé tillit til skattahagræðis sem myndast fyrir framfærendur barna af því að greiða inn á sparnaðarreikninga þeirra og nýta 20% skattaafslátt sem flyst yfir til þeirra séu börnin án tekna, þó að hámarki 200 þ.kr. Við kostnaðarmatið þarf

einnig að hafa bága stöðu stöðu ríkissjóðs í huga, sem varla býður að óbreyttu upp á svo mikinn viðbótarkostnað.

Einnig ber að hafa í huga að nú þegar er stutt ríflega við bakið á húsakaupendum með vaxtabótum, sem áætlað er að nemi 9,5 ma.kr. á árinu 2014 skv. fjárlagafrumvarpi. Þann stuðning, hvað þá viðbætur við hann, þarf að skoða í ljósi stórfelldra stuðningsaðgerða við heimilin í kjölfar áfalla af völdum fjármálakreppunnar. Öðrum þræði má rekja umfang áfalla sem heimilin urðu fyrir til þess hve einhæft eignasafn þeirra er, sem eykur áhættu af sveiflum í húsnæðisverði. Aðgerðir sem þessar væru til þess fallnar að auka einhæfni eignasafns heimila enn frekar. Yrði þessi leið hinsvegar farin þyrfti samhliða að gera auknar kröfur um eigin fé í fasteignakaupum, til þess að vega á móti þessari auknu áhættu.

Umfang skattaafsláttarins takmarkast af því að hann nær aðeins til þeirra sem eru yngri en 34 ára. E.t.v. væri rökréttara og í betra samræmi við þau markmið sem reynt er að ná að afslátturinn næði til einstaklinga sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð óháð aldri.

Að lokum ber að geta þess að nái þetta frumvarp fram að ganga verður til kerfi sem þarfnast eftirlits, en ekki hefur verið tilgreint hver eigi að hafa yfirumsjón með því eða hvernig því skuli háttað.

Í ljósi þessa telur Seðlabankinn að frumvarpið sé ekki tilbúið til nánari umsagnar og að ekki sé vænlegt að frumvarpið verði að lögum án þess að fram fari ítarleg athugun á kostnaði af því fyrir ríkissjóð. Einnig þyrfti að skoða samspil slíkra aðgerða við aðra þætti í stuðningskerfi húsnæðis kaupenda og meta hversu skynsamlegt er að nota skattfé almennings til að styðja við fjárfestingu ungmenna í húsnæði umfram aðra fjárfestingarkosti.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson  
aðalhogfræðingur